

75
20sta
oktbr.

Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Með þessu brjefi var leyft bæjarstjórninni að taka 2000 króna lán til að kaupa fyrir ljóssker til að lýsa með gótur bæjarins.

76
20sta
oktbr.

Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Með þessu brjefi var leyft bæjarstjórninni að jafna niður á bæjarbúa 15071 kr. 93 a., þó meðaltal bæjargjalda hin síðustu 3 ár að viðbættum 1 fimmtungi að eins verði 13258 kr. 70 a. — Sbr. tilsk. 20. apr. 1872 § 19¹.

77
20sta
oktbr.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Leyft var hinum setta sýslumanni í Þingeyjarsýslu að hafa aðsetur sitt að Ljósavatni til næstu vordaga, með því skilyrði, að hvorki hið opinbera nje sýslubúar hafi nokkurn boga af þessari veru hans fyrir utan hinn lögskipaða aðsetursstað sýslumannsins, Húsavík.

78
20sta
oktbr.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Eptir að settur hjeradsláknir í Þingeyjarsýslu Júlíus Halldórsson hafði fengið 100 króna styrk úr landssjóði til ferðar sinnar frá Reykjavík norður að embætti sínu á fyrra árs hausti, hafði hann sótt um 150 króna viðbót við þenna styrk úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins. Bónarbrjef hans um þetta var endursent amtmanni með vísbendingu um, að það samkvæmt 54. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar ætti að hverfa undir úrskurð amtsráðsins.

79
22an
oktbr.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með þóknanlegu brjefi frá í gær, hefur herra amtmaðurinn sent mjer beiðni sýslunefndarinnar og hreppsnefndarinnar á Vestmannaeyjum um, að útvegaðar verði 100 tunnur af rúgi handa sveitinni, til að koma í veg fyrir hungursneyð á í hönd farandi vetri, helmingur að gjöf, en helmingurinn sem lán með svo vægum kjörum, sem unnt er; hefur sýslunefndin þar hjá tekið fram, að enda þótt hin umsókta gjöf ekki fáizt, treysti hún sjer þó ekki til að taka störra lán, en svo sem svari 50 tunnnum af rúgi. Hr. amtmaðurinn hefur næst því að staðhæfa, að álíta megi verulega hættu fyrir hungursneyð á Vestmannaeyjum, ef sveitinni verði eigi hjálpað til að bæta upp þær lítilfjörlegu kornbirgðir, sem nú eru þar við verzlunarstaðina, og að skýra frá, að yður hafi tekizt að útvega Vestmannaeyngum að gjöf 6 tunnur af rúgi og 4 tunnur af bankabyggi, sem eptir voru af gjafakorni því, er fyrir nokkrum árum safnaðist, lagt það til, að nefndri sveit megi verða veitt 1000 kr. lán úr landssjóði gegn 4% árlegum vöxtum og endurborgun í 2 ár, hvert eptir annað og ennfremur falið mjer á vald, hvort það mætti vera unnt að veita hreppnum í viðbót gjöf þá, sem um er beðið, jafnframt og þjer hafið látið í ljósi, að enda þótt þær 50 tunnur af korni, sem þjer móti borgun út í hönd getið útvegað hjá kaupmönnum hjer handa Vestmannaeyngum, er hafa sent skip hingað, sem kom í gær, gagngjört í þessu erindi, ekki að öllu fullnægði þeim skorti, sem menn þar kvíða fyrir, vonið þjer þó, að með þeim muni verða bætt úr þeirri hungursneyð, sem menn óttast fyrir á Vestmannaeyjum.

Út af þessu leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að jeg eptir kringumstæðunum og að áskildu

1) Með brjefi frá 1. nóvbr. leiddi landshöfðingi í öðru máli athygli bæjarstjórnarinnar að því, að ekki þurfi samkvæmt þessari lagagrein samþykkis landshöfðingja til að stofna lán, er endurborga skal á sama ári og það er tekið.